

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Mosfellsbæ.

Frístundasvæði við Heytjörn úr landi Miðdals, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag frístundahúsalanda í landi Úlfarsfells við Hafravatn, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 9. júlí 2004.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir fjórum frístundalóðum. Stærð lands er 3,75 ha. Á lóð 1 má reisa fjögur frístundahús, hámarkstærð 40 m². Á lóð B er hámarksstærð frístundahús 70,5 m², þar má einnig reisa 15,05 m² gróðurhús. Á lóð A2 og C má reisa 71 m² frístundahús.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Frístundalóð í landi Miðdals, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag frístundahúsalanda í landi Úlfarsfells við Hafravatn, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 9. júlí 2004.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 2,3 ha frístundalóð, hámarksstærð húss 90 m², stærð geymslu 20 m², hámarkshæð 7,5 m².

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Breyting á deiliskipulagi Höfðahverfis, Svöluhöfði 24, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag frístundahúsalanda í landi Úlfarsfells við Hafravatn, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 9. júlí 2004.

Breytingin varðar stækkun á byggingarreit. Byggingarreitur stækkar að hluta um 2 m til suðurs og 1 m til austurs.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Mosfellsbæ, 5. ágúst 2004.

F. h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,
Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.